

Niðurstöður kennslumats á haustönn 2013

Könnunin fór fram í gegnum kennslumatsvef SPlist með krækju á heimasíðu skólans. Kennslustjórar ákváðu hvaða áfanga skyldi meta. Áfangar fara í kennslumat á tveggja til þriggja anna fresti.

Starfshópur vann að endurskoðun kennslumats á vorönn 2013 og gerði tillögur að endurbótum. Hópurinn lagði til að:

- Spurningar verði settar á heimasíðu skólans og kennurum gert kleift að gera athugasemdir
- Spurningar verði endurskoðaðar með hliðsjón af sambærilegum könnunum
- Kennslumatið verði framkvæmt á miðri önn. Kennarar og nemendur fá niðurstöður matsins strax
- Framkvæmd matsins tryggji að sem flestir nemendur svari könnuninni og niðurstöður verða marktækar

Þessum tillögum var fylgt eftir og fengu kennarar tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri. Nokkrar breytingar voru gerðar og fór kennslumatið fram fyrr en venjulega eða 22. október – 5. nóvember. Kennarar fengu niðurstöður kennslumats í sínum áföngum fyrir 10. nóvember.

Svarhlutfall á haustönn 2013 var 68,2% eða rúmlega 26 prósentustigum hærra en á vorönn 2013 (41,9%). Er þetta hæsta svarhlutfall sem hefur fengist og niðurstöður því marktækari en áður.

Kennarar voru beðnir um að ráðstafa einni kennslustund til að láta nemendur svara könnuninni, þanta fartölvuvagn fyrir þá nemendur sem ekki voru með tölvu eða þanta tíma í tölvuveri. Einnig var boðið upp á aðstoð í hópinnuherbergi, þar sem netstjóri og kerfisstjóri tóku á móti nemendum og veittu aðstoð við matið. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir og nýttu margir kennarar sér þennan valkost.

Svörun var misjöfn eftir hópum og var minnst 48,8% á nýsköpunar- og listabraut og mest á sjúkraliðabraut 88,4%.

Svörun eftir brautum

SPlistID	Svörun
Almenn námsbraut	65,4%
Félagsfræðabraut	72,1%
Heilbrigðisbrautir	75,2%
Heilbrigðisritarar/Læknaritarar	64,5%
Heilsunuddbraut	63,8%
Lyfjatæknabraut	66,1%
Málabraut	64,7%
Náttúrufræðibraut	70,1%
Nýsköpunar- og listabraut	48,8%
Sjúkraliðabraut	88,4%
Tanntæknabraut	78,1%
Viðskipta- og hagfræðibraut	76,5%
Alls:	68,2%

Svörun var svipuð eftir kyni. Konur voru 62% svarenda og karlar 38%. Á haustönn 2013 voru 61%% skráðra nemenda kvenkyns og 39% karlkyns. Á liðnum önnum hefur svarhlutfall kvenna verið hærra en karla og því ánægjulegt að góð heildarsvörun og nýtt fyrirkomulag framkvæmdar kennslumats hafi stuðlað að betri svörun karla.


Mat á áföngum og kennslu

Upplýsingar um nemandann

Kyn

Kona Karl
 ég er 913 (62%) 558 (38%)

éger




Mat á námi

Leggðu mat á nám þitt í áfanganum


	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Á ekki við/ veit ekki
Ég mæti vel í kennslustundir	878 (55%)	558 (35%)	132 (8%)	29 (2%)	6 (0%)
Ég fylgist vel með og vinn verkefni samvisskusamlega	779 (49%)	663 (42%)	114 (7%)	20 (1%)	6 (0%)
Mér finnst ég hafa lært mikið í þessum áfanga	677 (43%)	621 (39%)	200 (13%)	68 (4%)	18 (1%)
Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi	661 (42%)	556 (35%)	212 (13%)	101 (6%)	47 (3%)
Ég hef kynnt mér kennsluáætlun áfangans ¹	633 (40%)	538 (34%)	227 (14%)	112 (7%)	64 (4%)

Ég mæti vel í kennslustundir




¹ Ný spurning


Ég fylgist vel með og vinn verkefni samvisskusamlega




Mér finnst ég hafa lært mikið í þessum áfanga



Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi




Ég hef kynnt mér kennsluáætlun áfangans



Heimavinna

	0-1	1-2	2-3	3-4	4-5	fleiri en 5
Áætlaðu hvað margar klukkustundir á viku þú notar í heimavinnu í áfanganum (lestur, verkefnavinna o.þ.h.)	530 (34%) <input type="checkbox"/>	548 (35%) <input type="checkbox"/>	281 (18%) <input type="checkbox"/>	111 (7%) <input type="checkbox"/>	45 (3%) <input type="checkbox"/>	51 (3%) <input type="checkbox"/>

Þú hvað margar klukkustundir á viku þú notar í heimavinnu í áfanganum (lestur, verkefnavinna)




Mat á áfanga

Leggðu mat á áfangann:


	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Á ekki við/veit ekki
Áfanginn er vel skipulagður	782 (49%) <input type="checkbox"/>	660 (41%) <input type="checkbox"/>	112 (7%) <input type="checkbox"/>	32 (2%) <input type="checkbox"/>	14 (1%) <input type="checkbox"/>
Ég er ánægð/ur með námsbók/-bækur áfangans (lesefni)	611 (39%) <input type="checkbox"/>	645 (41%) <input type="checkbox"/>	195 (12%) <input type="checkbox"/>	75 (5%) <input type="checkbox"/>	60 (4%) <input type="checkbox"/>
Ég er ánægð/ur með námsgögn þ.e. glæsur, verkefni o.þ.h.	714 (45%) <input type="checkbox"/>	635 (40%) <input type="checkbox"/>	153 (10%) <input type="checkbox"/>	43 (3%) <input type="checkbox"/>	37 (2%) <input type="checkbox"/>
Námsmat byggt á skyndiprófum/hlutaprófum/kaflaprófum gefur rétta mynd af námsstöðu minni	585 (37%) <input type="checkbox"/>	641 (40%) <input type="checkbox"/>	186 (12%) <input type="checkbox"/>	66 (4%) <input type="checkbox"/>	108 (7%) <input type="checkbox"/>
Mér finnst samræmi milli prófa/verkefna og kennslu/markmiða áfangans	677 (43%) <input type="checkbox"/>	678 (43%) <input type="checkbox"/>	123 (8%) <input type="checkbox"/>	38 (2%) <input type="checkbox"/>	73 (5%) <input type="checkbox"/>
Vinnuálag áfangans er hæfilegt	672 (42%) <input type="checkbox"/>	647 (41%) <input type="checkbox"/>	185 (12%) <input type="checkbox"/>	54 (3%) <input type="checkbox"/>	33 (2%) <input type="checkbox"/>
Aðstaða til náms og kennslubúnaður er góður ¹	776 (49%) <input type="checkbox"/>	620 (39%) <input type="checkbox"/>	105 (7%) <input type="checkbox"/>	40 (3%) <input type="checkbox"/>	38 (2%) <input type="checkbox"/>

¹ Ný spurning


Áfanginn er vel skipulagður




Ég er ánægð/ur með námsbók/-bækur áfangans (lesefni)




Ég er ánægð/ur með námsgögn þ.e. glærur, verkefni o.þ.h.




Vámsmat byggt á skyndiprófum/hlutaprófum/kaflaprófum gefur rétta mynd af námsstöðu minr




Mér finnst samræmi milli prófa/verkefna og kennslu/markmiða áfangans



Vinnuálag áfangans er hæfilegt



Aðstaða til náms og kennslubúnaður er góður




Mat á kennslu

Leggðu mat á kennslu í áfanganum


	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Á ekki við/ veit ekki
Útskýringar og fyrirmæli eru skýr	849 (53%)	570 (36%)	145 (9%)	28 (2%)	10 (1%)
Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslustundir	1017 (64%)	474 (30%)	70 (4%)	25 (2%)	11 (1%)
Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér	1007 (63%)	455 (29%)	84 (5%)	37 (2%)	13 (1%)
Verkefnum/ritgerðum/prófum o.s.frv. er skilað til baka innan eðlilegra tímamarka	926 (58%)	510 (32%)	80 (5%)	17 (1%)	59 (4%)
Verkefnum/ritgerðum/o.s.frv. er skilað með leiðbeiningum/uppbyggjandi athugasemdum	843 (53%)	532 (33%)	100 (6%)	32 (2%)	83 (5%)
Hæfilegur agi er í kennslustundum	811 (51%)	617 (39%)	108 (7%)	36 (2%)	24 (2%)
Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni	665 (42%)	623 (39%)	195 (12%)	62 (4%)	39 (2%)
Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir	1021 (64%)	469 (29%)	64 (4%)	25 (2%)	13 (1%)
Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni, leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfanga (Moodle) ¹	823 (52%)	452 (28%)	142 (9%)	55 (3%)	114 (7%)

¹ Ný spurning


Útskýringar og fyrirmæli eru skýr




Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslustundir




Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér




Verkefnum/ritgerðum/prófum o.s.frv. er skilað til baka innan eðlilegra tímamarka




Verkefnum/ritgerðum/o.s.frv. er skilað með leiðbeiningum/uppbyggjandi athugasemdum




Hæfilegur agi er í kennslustundum




Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni



Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir



nari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni, leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfanga (Moc



Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1-10?

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
13 (1%)	14 (1%)	15 (1%)	28 (2%)	51 (3%)	84 (5%)	159 (10%)	277 (17%)	460 (29%)	486 (31%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Meðaleinkunn: 8,4

Álit nemenda

Nemendur fengu að svara tveimur opnum spurningum og fengu kennarar svör þeirra send.

Hvað finnst þér best við áfangann?

Komdu á framfæri því sem þér þykir jákvæðast við kennslu, námsefni og verkefni/próf í áfanganum.

782 svör bárust eða 48,5%. Þetta eru rúmlega 8 prósentustig fleiri en á vorönn 2013 (40,0%).

Hvað finnst þér að betur mætti fara í áfanganum?

Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, námsefni og verkefni/próf í áfanganum.

622 svör bárust eða 38,6%. Þetta eru rúmlega 8 prósentustig fleiri en á vorönn 2013 (30,5%).


Niðurstöður

Tilgangur kennslumats er til að kennari fái endurgjöf nemenda á kennslunni, til að bæta kennslu, til að stjórnendur fái upplýsingar um gæði kennslu og náms, til að veita kennurum stuðning, til að nemendur sjái niðurstöður mats og veita þeim aukin tækifæri til að hafa áhrif á kennslu og til að fá tölfræðilegar upplýsingar og geta gert samanburð milli anna. Hátt svarhlutfall á haustönn 2013 (68,2%) gefur tilefni til þess að geta fullyrt að niðurstöður séu marktækar.

Í hópum þar sem færri en 5 nemendur svöruðu fá kennarar engar niðurstöður sendar. Í kennslumat fóru annars vegar áfangar sem nýráðnir kennarar kenndu á haustönninni og hins vegar áfangar sem kennarar eða kennslustjórar óskuðu eftir að færu í mat, t.d. vegna breyttra kennsluhátta, breytts eða nýs námsefnis.

Samanburður á niðurstöðum einstakra spurninga frá haustönn 2011 til vors 2013.

Nemendur gáfu stig frá 1 (mjög ósammála) og upp í 4 (mjög sammála). Meðaltal haustannar 2013 er merkt inn á stöplaritíð.



Lítill munur er á haustönn 2013 og liðnum önnum og gerir það niðurstöður í heild sinni marktækari.

Kennsluþættir fá hæsta mat. „Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir“ með 3,5 í meðaltal (3,6 á vorönn 2013), „Ég er ánægður með viðmót kennarans gagnvart mér“ með meðaltal 3,5 (3,6 á vorönn 2013) og „Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslustundir með meðaltal 3,5 (sama og á vorönn 2013) eru með hæstu einkunn. Síðst kom út „Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni“ með meðaltal 3,1 (3,2 á vorönn 2013) og nýja spurningin „Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni, leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfanga (Moodle)“ með meðaltal 3,1.

Í mat á eigin námi kemur síðst út „Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi“ með meðaltal 3,1 (óbreytt frá því á vorönn 2013) og nýja spurningin „Ég hef kynnt mér kennsluáætlun áfangans“ með meðaltal 3,0.

Í mati á áfanganum kemur nýja spurningin „Námsmat byggt á skyndiprófum/ hlutaprófum/ kaflaprófum gefur rétta mynd af námsstöðu minni“ út með lægstu einkunnina, þ.e. með meðaltal 3,0. Næst kemur „Ég er ánægð/ur með námsbók/-bækur áfangans (lesefni)“ með meðaltal 3,1 (3,2 á vorönn 2013). Hæsta matið fær „Áfanginn er vel skipulagður“ með meðaltal 3,4 (3,3 á vorönn 2013).


Leggðu mat á námið þitt í áfanganum	Vor 2013	Haust 2013	Meðaltal
Ég mæti vel í kennslustundir	3,4	3,4	3,4
Ég fylgist vel með og vinn verkefni samviskusamlega	3,4	3,4	3,4
Mér finnst ég hafa lært mikið í þessum áfanga	3,2	3,2	3,2
Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi	3,1	3,1	3,1
Ég hef kynnt mér kennsluáætlun áfangans		3,0	3,0
Meðaltal	3,3	3,2	3,2

Leggðu mat á áfangann	Vor 2013	Haust 2013	Meðaltal
Áfanginn er vel skipulagður	3,3	3,4	3,3
Ég er ánægð/ur með námsbók/-bækur áfangans (lesefni)	3,2	3,1	3,1
Ég er ánægð/ur með námsgögn þ.e. glærur, verkefni o.þ.h.	3,3	3,2	3,2
Námsmat byggt á skyndiprófum/ hlutaprófum/ kaflaprófum gefur rétta mynd af námsstöðu minni		3,0	3,1
Mér finnst samræmi milli prófa/verkefna og kennslu/markmiða áfangans	3,2	3,2	3,2
Vinnuálag áfangans er hæfilegt	3,2	3,2	3,2
Aðstaða til náms og kennslubúnaður er góður		3,3	3,3
Meðaltal	3,2	3,2	3,2

Leggðu mat á kennsluna í áfanganum	Vor 2013	Haust 2013	Meðaltal
Útskýringar og fyrirmæli eru góð	3,4	3,4	3,4
Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslustundir	3,5	3,5	3,5
Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér	3,6	3,5	3,5
Verkefnum/ritgerðum/prófum o.s.frv. er skilað til baka innan eðlilegra tímamarka	3,4	3,4	3,4
Verkefnum/ritgerðum/o.s.frv. er skilað með leiðbeiningum/uppbyggjandi athugasemdum	3,3	3,3	3,3
Hæfilegur agi er í kennslustundum	3,4	3,4	3,4
Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni	3,2	3,1	3,2
Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir	3,6	3,5	3,6
Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni, leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfanga		3,1	3,1
Meðaltal	3,4	3,4	3,4


Enginn marktækur munur er á meðaltölum milli vorannar 2013 og haustannar 2013. Það er ánægjulegt hvað kennslan kemur vel út úr mati, en margt má gera betur hvað varðar skipulagningu áfangans, námsefni og verkefni. Kennsluaðferðir mættu vera fjölbreyttari og tengja þarf námið betur við framtíðarstörf og framtíðarnám.

Mikil fylgni er í öllum niðurstöðum kannana frá vorönn 2013 og haustönn 2013 og er fylgnistuðullinn jákvæður ($R=0,9633$) og hefur aldrei verið hærri. Er hér um marktæka fylgni að ræða.



Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1-10?

Nemendur gáfu kennurum sínum 8,4 í einkunn og er það í takt við fyrri kannanir.



Álit nemenda

Nemendum gafst tækifæri til að koma sinni skoðun á framfæri í tveimur opnum spurningum.

Hvað finnst þér best við áfangann? Komdu á framfæri því sem þér þykir jákvæðast við kennslu, námsefni og verkefni/próf í áfanganum.

782 af 1611 nemendum (48,5%) notuðu tækifærið til að koma sinni skoðun á framfæri. Er þetta mun hærra hlutfall og á vorönn 2013 (40,0%).

Hvað finnst þér að betur mætti fara í áfanganum? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, námsefni og verkefni/próf í áfanganum.

622 af 1611 nemendum (38,6%) notuðu tækifærið til að koma sinni skoðun á framfæri borið saman við 30,5% á vorönn 2013.

Það er ánægjulegt hve margir nemendur gripu tækifærið til að koma skoðunum sínum á framfæri. Svör nemenda voru send kennurum viðkomandi áfanga.